

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 59/2002

frá 31. maí 2002

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfis mál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2002 frá 19. apríl 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/831/EB frá 27. nóvember 2001 um lengingu á gildistíma ákvörðunar 1999/178/EB um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir textílvörur ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/182/EB frá 27. nóvember 2001 um lengingu á gildistíma ákvörðunar 1999/179/EB um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir skófátnað ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á XX. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 2en (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/178/EB):

„, eins og henni var breytt með:

- **32001 D 0831**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/831/EB frá 27. nóvember 2001 (Stjtið. EB L 310, 28.11.2001, bls. 29).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 154, 13.6.2002, bls. 28 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 29, 13.6.2002, bls. 21.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 310, 28.11.2001, bls. 29.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 310, 28.11.2001, bls. 30.

2. Eftirfarandi bætist við í lið 2eo (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/179/EB):

„, eins og henni var breytt með:

- **32001 D 0832**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/183/EB frá 27. nóvember 2001 (Stjtið. EB L 310, 28.11.2001, bls. 30).“

2. gr.

Texti ákvarðana 2001/831/EB og 2001/832/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júní 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 31. maí 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

